

frá því þau féllu í gjalddaga til greiðsludags og málskostnað, er skv. framlögðum reikningi, sem ekki hefir verið sérstaklega mótmælt, nemur kr. 246.60.

Ennfremur verður ákveðið, að stefndum beri að greiða stefnanda vistgjald fyrir umrædd gamalmenni þann tíma, sem þau dvelja hjá honum.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Nr. 35/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Friðþjófi Ó. Johnson

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. desember 1936: Kærði, Friðþjófur Ó. Johnson, greiði 50 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af skaðabótakröfu kæranda, Stefáns Árnasonar.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 65.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknað kærða, þann sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, ber að heimfæra undir 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og ákveðst refsing sú, sem hann hefir unnið til, 100 króna sekt til rikissjóðs, sem af-

plánist með 7 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hinsvegar þykir ekki rétt að dæma kærða til að birta leiðréttingu um þau atriði auglýsingarinnar, sem hann er sakfelldur fyrir, þegar af þeirri ástæðu, að ganga verður út frá því eftir atvikum málsins, að áhrifa áminnztrar auglýsingar geti a. m. k. ekki nú gætt.

Af hálfu kærands, Stefáns Árnasonar, hefir verið krafizt skaðabóta á hendur kærða, allt að kr. 1000.00, en ekki þykir bera að taka kröfu þessa til greina, með því að ekkert hefir komið fram í málinu, sem veiti ástæðu til að ætla, að kærandinn, sem starfrækir kaffibrennslu á Akureyri, hafi beðið tjón af verknaði kærða.

Samkvæmt þessum sakarúrlitum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Friðþjófur Ó. Johnson, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann á að vera sýkn af skaðabótakröfu kæranda, Stefáns Árnasonar, í málinu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Einars B. Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friðþjófi O. Johnson, forstjóra, til heimilis á Fjölnisveg 15 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 84 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Hefir kærður áður, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

- 1) 1930, $\frac{1}{2}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 2) 1932, $\frac{5}{8}$ sætt 50 króna sekt fyrir samskonar brot.
- 3) 1932, $\frac{8}{8}$ sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Kærði er einn af forstjórum verzlunarfyrirtækisins O. Johnson & Kaaber h/f hér í bæ. Fyrirtæki þetta hefir starfrækt kaffibrennslu hér um nokkurra ára skeið og hefir framleiðsla kaffibrennslunnar, brennt og malað kaffi, verið sett í verzlanir og verið kallað O. J. & Kaabers kaffi eða Ó. J. & K. kaffi.

Þann 3. september síðastliðinn birtist auglýsing frá fyrirtæki þessu um kaffiframleiðslu þess í dagblaðinu „Morgunblaðið“ hér í bæ, og hefir kærði í máli þessu játað að hafa samið auglýsingu þessa og sett hana í blaðið.

Eigandi „Kaffibrennslu Akureyrar“ á Akureyri, Stefán Árnason að nafni, hefir með bréfi, dags. 28. september s. l., kært yfir auglýsingu þessari sem stríðandi gegn ákvæðum laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og jafnframt krafizt þess, að firmað Ó. Johnson & Kaaber h/f verði dæmt til að greiða sér skaðabætur, að upphæð kr. 1000.00, eða allt að þeirri upphæð eftir mati réttarins. Það eru tvær setningar í auglýsingunni, sem kært er yfir, og eru þær setningar það eina í auglýsingu þessari, sem komið getur til athugunar sem brot gegn lögum um

varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Setningar þessar hljóða svo:

1. „Ó. J. & K-kaffi er framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum“ og
2. „Það er gaumgæfilega hreinsað í vélum, sem skilja frá því öll óhreinindi, þannig að einungis kjarni kaffibaunanna verður eftir til þess að framleiða úr hina vinsælu vöru. Engin önnur kaffibrensla hér á landi hefir slíkar vélar.“

Þau fyrirmæli nefndra laga, sem ætla mætti, að hinir tilvitnuðu hlutar auglýsingarinnar tækju til, eru í upphafi 1. greinar. Þar segir: „Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi auglýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum“.

Skal nú athugað, hvort hinir tilvitnuðu kaflar auglýsingarinnar brjóta í bág við lagafyrirmæli þessi.

Um fyrri kæruliðinn er það að segja, að kaffi það, sem auglýsingin fjallar um, er eftir því, sem næst verður komizt, framleitt að $\frac{1}{10}$ hlutum úr Rio-kaffi, en að $\frac{1}{10}$ hluta úr Mokka-kaffi. Um það, hvort slíkt kaffi geti talizt „framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum“ hefir álits verið leitað hjá dr. Jóni E. Vestdal, er veitir matvælaeftirliti ríkisins forstöðu, og er álit hans um þetta atriði svohljóðandi: „Sumar tegundir af Rio-kaffi eru ódýrustu kaffitegundir, sem hægt er að fá, og yfirleitt er Rio-kaffi ekki talið til dýrustu og beztu kaffitegunda. Hinsvegar er Mokka-kaffi ein af dýrustu og beztu kaffitegundum, sem völ er á. Kaffiblanda, sem í eru 90% af Rio-kaffi og 10% af Mokka-kaffi, getur ekki talizt vera framleidd úr dýrustu og beztu kaffibaunum“.

Þar sem þessi niðurstaða er fengin, verður að álita, að kærði hafi með nefndum kafla auglýsingarinnar brotið gegn 1. gr. nefndra laga, ef á að skilja kafla auglýsingarinnar alveg bókstaflega. Verjandi kærða hefir haldið því fram, að það sé orðin venja í auglýsingum að nota lýsingarorð í hástigi í sömu merkingu og frum-

stígl væri og hafi því í raun og veru ekki annað falizt í þessum kaffla auglýsingarinnar heldur en að Ó. J. & K.-kaffi sé unnið úr góðum kaffibaunum.

Að vísu mun það svo vera, að hástígl lýsingarorða hafi nokkuð verið notuð á þennan hátt í auglýsingum hingað til, en það verður ekki fallizt á, að það sé orðin nein föst venja, sem skýlaus fyriræli nýrri laga verði að lúta. Lögin um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum ganga einmitt mjög langt í því að krefjast þess af auglýsendum, að þeir beri ekki meira lof á vöru sína en sé sannleikanum samkvæmt. Rétturinn getur því ekki annað séð en að kærði hafi verið (sic) með því að segja, að kaffið væri framleitt úr dýrustu og beztu kaffibaunum, ekki gætt þess svo sem nefnd lög krefjast að segja fyllilega satt til um gæði vörunnar og að hafa auglýsingar látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar. Verður því niðurstaðan um þennan lið auglýsingarinnar sú, að með honum hafi kærði gerzt brotlegur við 1. g. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, nr. 84, 19. júní 1933.

Um seinni kæruliðinn er það að segja, að álits matvælaeftirlits ríkisins hefir verið leitað um það, hvort vélar kaffibrennslunnar hreinsi öll óhreinindi úr kaffinu, svo að einungis kjarnar baunanna verði eftir. Hefir matvælaeftirlitið rannsakað þetta og komizt að þeirri niðurstöðu, að þó að vélar kaffibrennslunnar séu af fullkomnustu gerð, þá sé ekki hægt með þeim að hreinsa öll óhreinindi úr kaffinu. Að minnsta kosti verði alltaf eftir nokkur hluti silfurhúðar kaffibaunanna. Kaffi þetta sé alls ekki hreinna en ýmsar aðrar kaffitegundir, sem hér séu hafðar á boðstólum. Þrátt fyrir þetta telur matvælaeftirlitið, að kaffið geti verið gaumgæfilega hreinsað.

Kærði hefir lýst því yfir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að þessi ummæli sín í auglýsingunni hefðu við neinar efnafræðilegar sannanir að styðjast, né heldur, að hinir erlendu seljendur kaffibrennsluvélanna hefðu gefið það upp, að vélarnar hreinsuðu öll óhreinindi úr kaffinu. Þó kveðst kærði hafa verið persónulega viss um, að hann segði ekki annað en sannleikann með þessum kaffla auglýsingarinnar.

Þar sem kærði hafði enga fulla vissu fyrir því, að

Þessi ummæli sin væru sönn, og siðar hefir sannazt, að þau eru ekki rétt, verður að telja, að hann hafi með þeim slegið fram hæginni fullyrðingu og skrumi um vöru sína og í raun og veru gefið villandi upplýsingar um hana.

Þar sem kærði segir í auglýsingunni, að engin önnur kaffibrennsla á landinu hafi „slikar vélar“ sem kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber, verður að ætla, að hann meini, að engin önnur kaffibrennsla í landinu hafi jafngóðar vélar. Þetta kveðst kærði hafa verið persónulega viss um, án þess þó að hafa fyllilega sannfært sig um það. Hann hafi skoðað vélar sumra kaffibrennslna hér í bænum og komizt að því, að þær hefðu ekki jafngóðar vélar og kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber, en um aðrar kaffibrennsnur hafi hann einungis haft sögusögn annarra. Rétturinn hefir ekki aflað sannana um, hvort þessi fullyrðing kærða í auglýsingunni er rétt, en þar sem kærði vissi ekki með fullum sanni, að hann væri að fara með rétt mál, þá hafði hann ekki leyfi til að slá þessari fullyrðingu fram í auglýsingunni. Fullyrðingin er hægari (sic) og skrumkennd, meðan kærði hefir ekki sannanir fyrir réttmæti hennar.

Samkvæmt framantöldu verður að telja, að kærði hafi með þeim köflum auglýsingarinnar, sem kært er útaf, brotið í bága við 1. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en þar sem það um langan aldur hefir tíðkazt, að auglýsendur gengju eins langt og unnt hefir verið í lofi um vörur sínar, og brot kærða verður að teljast smávægilegt samkvæmt áðurnefndum lögum og kærði hefir ekki áður sætt neinni refsingu, er itrekunarverkun hafi á það brot, sem hér liggur fyrir, þykir mega ákveða refsingu hans lágmarkssekt, kr. 50.00, til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ennfremur ber að dæma kærða til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 65.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar.

Skaðabótakrafa kærðans, Stefáns Árnasonar, verður ekki tekin til greina, þar sem hann hefir engar líkur

fært fram fyrir því, að hann hafi beðið tjón af hinum saknæmu ummælum auglýsingarinnar.

Eftir öllum málsatvikum, þar á meðal hinum langa tíma, sem liðinn er frá birtingu hinna margnefndu ummæla, verður ekki talin ástæða til að skylda kærða til að leiðrétta þau atriði auglýsingarinnar, sem hann er nú sakfelldur fyrir.

Rekstur máls þessa hefir verið vitalaus.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Kærumálið

Nr. 2/1937. Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðar-
árþúsins

gegn

Mjólkursamlagi Kjalarnesþings

Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi heimiluð.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1937:
Stefndum í máli þessu, Mjólkursamlagi Kjalarnesþings,
skal heimilt að endurupptaka það.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurði þeim, er í máli þessu greinir, upp-
kveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí þ. á.,
hefir kærandi, Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðar-
árþúsins, skotið til hæstaréttar með kæru 14. s. m.
samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, og má fallast
á, að dómsathöfn sem þessi sæti kæru svo sem segir
í nefndri grein. Kom kæran ásamt bréfi héraðs-
dómarans, dags. 24. s. m., og skjölum málsins til
dómsins 25. s. m. Ennfremur hefir dóminum bor-
izt sóknarskjal frá kæranda, dags. 26. s. m., og kom